

3.03 Umsókn um mengandi starfsemi - starfsleyfi til fiskeldis

Vinnsla þessi byggir á: Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 220/2018.

Upplýsingar um mál

Málsnúmer: 19111076 Móttekið: 26.11.2019 11:57:14

Innskráður notandi

Nafn Auður Eyberg Helgadóttir Kennitala 1907795139
Netfang audur@stofnfiskur.is Símanúmer 4216958

Samskipti

Svör og athugasemdir vegna þessarar umsóknar verða sendar á eftirfarandi netfang: audur@stofnfiskur.is

Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

Nafn Stofnfiskur	Kennitala 6203911079 <input type="checkbox"/>
Starfsstöð fyrirtækis Stapavegur 1	Póstnúmer 190 Vogum
Símanúmer 4216958	
Ábyrgðarmaður umsóknar Auður Eyberg Helgadóttir	Sími ábyrgðarmanns 6936816
Netfang ábyrgðarmanns audur@stofnfiskur.is	
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar Jónas Jónasson	Sími tengiliðs 6936306
Netfang tengiliðs jonas@stofnfiskur.is	

Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Stofnfiskur hf hyggur á aukningu í framleiðslu í Vogavík úr 200 tonnum af laxi í 400 tonn. Einnig vill rekstraraðili flytja seiðastöðina úr Kollafirði í Vogavík og sækja um að bora aðra borholu sem myndi anna 200 l/sek af sjó. Ísor er búin að koma á svæðið og taka það út og gaf út skýrslu 24.apríl 2017. Fiskeldisstöðin í Vogavík í Vogum skiptist upp í tvær einingar hrognahús sem er á efra svæði og áframeldi sem er á neðra svæði nær sjónum. Í Vogavík er eingöngu um landeldi að ræða og er eingöngu framleiddur lax. Stöðin er með tvö starfsleyfi sem eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja,

annað er fyrir fiskeldi og gildir til 17.3.2022, hitt er fyrir fiskvinnslu sem gildir til 20.12.2024. Rekstrarleyfið sem er í gildi er gefið út af Fiskistofu og gildir það til 4.3.2021. Samkvæmt rekstrarleyfinu þá er rekstraraðila heimilt að stunda fiskeldi, klakfiska-, hrogn- og seiðaelði á lax og bleikju allt að 200 tonn. 8.nóvember árið 2018 kom Umhverfisstofnun í eftirlit og kom það í ljós að framleiðslan var komin yfir gildandi leyfi eða í 299 tonn árið 2017. Þess vegna sækir Stofnfiskur um stækkun á starfs- og rekstrarleyfi upp í 400 tonna framleiðslu á lax og bleikju til að anna framleiðslunni. Aðal ástæða fyrir stækkun á starfsleyfi er sú að framleiðslan hefur aukist vegna betri eldistækni og vegna kynbóta á klakfiski án þess að fjölgun seiða hafi átt sér stað. Einnig stefnir rekstraraðili á að flytja seiðastöðina sem er í Kollafirði í Vogavík. Í seiðastöðinni fer fram fyrsta stig seiðaeldis. Til að bregðast við umfram framleiðslu þá var ákveðið að sækja um stækkun á starfs- og rekstrarleyfi og matskyldri fyrirspurn skilað inn til Skipulagsstofnunar 14.janúar 2019. Niðurstaðan var sú að Vogavík þyrfti að fara í mat á umhverfisáhrifum þar sem vatnsnotkunin væru meiri en 300 l/sek, sjá meðfylgjandi skjal í fylgiskjali 1. Seiðastöðin verður byggð sem endurnýtingarstöð í Vogavík með nýjustu tækni við hreinsun á vatni og frárennsli, stöðin mun framleiða um 20 tonn af smoltseiðum á ári með rennsli á ferskvatni 15-20 L/sek. Í seiðastöðinni verður eingöngu notað ferskvatn og ætti stöðin að geta endurnýtt allt að 80% af ferskvatni. Fyrirhuguð bygging er innan gildandi deiliskipulags. Stofnfiskur er að fara endurheimta vatnsveitu sína sem hefur verið í útleigu til Hitaveitu Suðurnesja sem hefur nýtt hana til ferskvatnsöflunar fyrir Voga. Stofnfiskur hyggst á að nota þær borholur fyrir seiðastöðina og því þarf ekki að fara út í frekari vatnsöflun fyrir stöðina. Seiðastöðinni verður haldið sem sér einingu og afgirt frá hinum stöðvunum upp á sóttvarnir og smithættu, einnig verða skrifstofurnar byggðar við seiðastöðina. Stöðin verður um 2500 m² að stærð og eldisrýmið verður um 900 m³. Eldisvökvinn sem er notaður til framleiðslu í áframeldinu og hrognahúsinu er ferskt vatn, ísalt vatn og fullsalt vatn sem er dælt upp úr borholunum sem eru á lóðinni. Stofnfiskur á lóðina sem stöðin í Vogavík er á og er hún skráð athafnarsvæði í deiliskipulagi og aðalskipulagi Voga. Stöðin notast við gegnumrennsli þar sem sjó eða ferskvatni er dælt í eldisker úr borholum og affall rennur til sjávar. Heildarvatnstaka sem stöðin nýtir á svæðinu er 972 l/sek. Notast er við 5 ferskvatnsholur og 4 sjóholur, meðalhitinn úr holunum er 7,05 C. Ferskvatnið er notað í hrognahúsinu og er meðalhitinn þar 5,5 C, eldisvökvinn er oft kældur niður með kælivélum í hrognahúsinu. Í áframeldinu þá er notast við um 27 prómilla sjó og ferskvatn þegar fiskurinn er kominn á klaktíma. Alls er notað um 616 l/sek af sjó og 356 l/sek af ferskvatni í áframeldinu og hrognahúsinu. Árið 2017 voru 972 l/sek notaðir til að framleiða 299 tonn af laxi. Stofnfiskur hf var stofnaður í mars árið 1991 af Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði. Stofnfiskur var stofnaður í þeim tilgangi að sjá um kynbætur og rannsóknir á norskættuðum laxi sem höfðu verið flutt til landsins á árunum 1981-1984. Stofnfiskur sérhæfir sig í kynbótum á laxi og eldi á hrognkelsum. Fyrirtækið leggur mikinn metnað í að framleiða hágæða hrogn allt árið í kring og geta afhent laxahrogn í hverri viku til kaupanda. Framleiðslugeta er allt að 200 milljónir hrogn yfir árið. Sérstaða Stofnfisks er að vera með sjúkdómslaus hrogn. Stofnfiskur er laus við alla helstu vírusa og bakteríusjúkdóma sem eru þekkt í laxeldi og byggist öll framleiðslan á landeldi. Stofnfiskur er eina fyrirtækið í heiminum í dag sem má selja laxahrogn til Chile og hefur gert það frá árinu 1995. Stofnfiskur er eina fyrirtækið á Íslandi sem selur laxahrogn til annarra landa og sér öllum laxastöðvum á landinu fyrir laxahrogn. Það má segja að Stofnfiskur sé með sjálfbæra framleiðslu þar sem öll framleiðslan er innan fyrirtækisins, fyrirtækið býr til sín eigin hrogn, klakfisk og seiði. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að stýra og halda utan um allt ferlið frá hrognastigi, seiðaelði, klakfiski og þar til að varan er seld. Fyrsta stig seiðaframleiðslunar fer fram í seiðastöðinni í Kollafirði, smoltseiðastig upp að klakfiskaeldi fer fram í fiskeldistöðvunum í Vogavík og Kalmanstjörn sem er á Reykjanesinu. Með því að halda utan um öll ferlin í framleiðslunni þá er verið að hámarka gæðin og er auðveldara að stýra allri framleiðslu og afhendingum afurða. Fyrirkomulag eldisins verður með sama hætti og hefur verið, þar að segja framleiðsluferill hefst á því að búa til hrogn. Notast er

við klaktisk frá Kalmanstjörn eða Vogavík. Hrognin eru frjóvguð og lögð inn í hrognahúsið í Vogavík. Síðan eru þau flutt í seiðastöð Stofnfisks í Kollafirði, þar eru þau klakin og alinn upp þar til að þau eru orðin að smoltseiðum. Allur fiskur er bólusetur áður en hann er fluttur í áframeldið. Seiðin eru flutt lifandi c.a. 140 g með seiðaflutningabíl á stöðina. Þegar seiðin eru smoltuð þá eru þau send til Vogavíkur í áframeldi í íssaltan eldisvökva fyrst um sinn. Þar eru þau alin í um 3,5- 4 ár, þar til þau verða kynþroska eða tilbúin sem sláturfiskur. Svo getur framleiðsan farið farið annan hring. Stofnfiskur er nýbúinn að byggja nýtt sláturhús í Vogavík til að uppfylla allar kröfur á slátrun á fiski og fyrir fiskvinnsluleyfi. Sláturhúsið er með nýjustu tækjum fyrir slátrun og góðum hreinsibúnaði þar sem allt blóðvatn er dauðhreinsaði með ózoni og með búnaði til að fyrirbyggja að lífrænn úrgangur sleppi í umhverfið. Með því að byggja nýtt sláturhús með nýjum hreinsibúnaði þá er verið að minnka mengun út í umhverfið og verið að bæta meðhöndlun á fiskinum. Fóðurnotkun og fóðrunaraðferðir Allt fóður sem er notað hjá Stofnfiski kemur frá viðurkenndum fóðurframleiðendum. Seiðaeldið notar fóður frá Laxá og heitir það Eco seiðafóður sem er vaxtarfóður, áframeldið notar fóður frá Cargill sem er bandarískt fyrirtæki og heitir fóðrið Ewos. Í Vogavík er notast við fóðurkerfi frá Vaka hf og tölvuforritið Merkatus, þar sem hægt er að skrá inn allar upplýsingar svo sem rekjanleika, vöxt, fóðurstuðull og fleira. Sjálfvirk fóðrun er á öllum eldiskerjum í áframeldinu og er fóðrinu blásið út í kerin með tölvustýrðu fóðurkerfi. Starfsmenn fara reglulega yfir fóðrunina í kerjunum, ef mikið af fóðurleyfum er að finna í kerjunum og stilla þá fóðrunina í tölvunni. Árið 2017 var framleitt 299 tonn af laxi og til þess þurfti 419 tonn af fóðri, sem gerir það að verkum að fóðurstuðullinn var 1,4 sem er dálítið hár. Ætlunin er að ná fóðurstuðlinum niður í 1,2 með breyttum áherslum í eldi og betri eftirfylgni í fóðrun. Í seiðaeldinu í Kollafirði þá voru framleidd um 20 tonn af seiðum árið 2017 og 2018 og notað um 20,47 tonn af fóðri. Í seiðaeldinu er fóðurstuðull mun minni eða um 1,02. Flest allt fóður hefur að geyma fosfór og nitur og hægt er að reikna út heildarmagn fosförs og nitur sem fer út í umhverfið, bæði fast og uppleyst. Í daglegu eftirliti fara starfsmenn yfir kerin, þrifa fóðurleyfar, meta fóðrun og fjarlægja dauðan fisk ef hann er til staðar og fleira. Skinnfiskur og Ífex tekur við dauðum fiski og er hann nýttur í loðdýrafóður.

Uppdrættir af staðsetningu

Vogavík yfirlitsmynd með Kollafirði.png

Afrit af staðfestu deiliskipulagi
Deiluskipulag Stofnfiskur-
Vogavík-útgefið.pdf

Lýsið staðháttum við vinnslustað
(rekstrarsvæði)
Lýsing á staðarháttum í
Vogavík.docx

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Ýmis efni eru notuð við framleiðslu, t.d. í hrognahúsinu eru notað formalín til að formalínbaða hrognin til að koma í veg fyrir sveppi. Notað er svo jöð við sóttþreinsun á hrognun eftir frjóvgun. Fiskurinn er formalínbaðaður reglulega til að koma í veg fyrir sníkjudýrasmit og sveppi í áframeldi og seiðaeldi. Í seiðaeldinu þá eru seiðin merkt þá er fiskurinn svæfður svo hann sé kyrr og þá er notast við svefnlyf Phenoxxyethanol. Bólusetning fer fram í seiðaeldinu og eru seiðin bólusett með Alpha ject 3000 sem er fengið hjá dýralækni. Með þessu bóluefni er verið að bólusetja gegn kylaveikibróður Aeromonas salmonicida, en einnig gegn klassískri vibríuveiki Vibrio anguillarum. Þegar fiskurinn er meðhöndlaður t.d. við yfirferð á klakfiski þá er Vidalife notað til að draga úr streytu og eykur náttúrulega vörn fiskanna við meðhöndlun og flutningi. Varðandi þrif þá er notast við hefðbundnar iðnaðar sápur t.d. Fantur 77. Varðandi sóttþreinsun þá er mest notast við efnið Virex. Í Vogavík var notast við 972 l/sek af eldisvökva úr borholun á svæðinu til að framleiða 299 tonn af laxi, 616 l/sek af sjó og 356 l/sek af ferskvatni. Til að framleiða 20 tonn í Kollafirði var notast við um 55 l/sek af ferskvatni. En nýja stöðin verður byggð endurnýtingarstöð sem getur endurnýtt vatnið allt að 80%. Notað verður fiskeldisfóður frá fóðurverksmiðjunni Laxá fyrir seiðaeldið og Ewos fóður fyrir áframeldið frá bandaríska fóðurframleiðandanum Cargill. Hér fyrir neðan sést næringarsamsetning Eco fóðursins, mismunandi efnasamsetning er í fóðri milli stærðar á pillum. Eco seiðafóður 25 kg 1,8 mm Fóðursamsetning: Hágæða loðnu/sildarmjöl, loðnu/sildarlýsi, hveiti, maismjöl, repjumjöl, sojamjöl, rækjumjöl, hveitiglúten, vítamín, steinafni og náttúruleg litarefni. Maltanleg orka: 19,0 MJ/kg Brúttó orka: 22,2 MJ/kg

STEINEFNI OG NÁTTÚRULEGT LITAREFNI. METALLEG OLJA. 17,0 VNI/KG DJURU OLJA. 22,2 VNI/KG
Efnainnihald í % Prótein 50 % Fita 21 % Kolvetni 12 % Þurrefni 93 % Hér fyrir neðan
sést næringarefnasamsetning á Ewos Stofn Rapid fódri. Þetta er köglað eldisfóður,
vaxtarfóður fyrir lax. Fóðursamsetning: Fiskimjöl, grænmetisolia, fiskiolia,
hestabaunir, mjöl, hveitiglúten, hveiti, sojaprótein, vítamín, steinefni og náttúrulegt
litarefni. Efnainnihald í % Prótein 37,5% Fita 35,3% Trefjar 1,0 % Aska 6,1 Kalsíum
1,2 Sódíum 0,3 Fosfór 0,9

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Stofnfiskur notar fódurforrit frá Vaka og er dagleg fódurgjöf færð úr því yfir í
eldisforritið Merkatus. Merkatus er framleiðslustýringarkerfi sem auðveldar allt eftirlit
með rekstrinum þar sem allar hreyfingar í stöðinni eru skráðar fyrir hvert ker. Fóðrun,
afföll, vöxtur, flokkun, meðalvigt svo eitthvað sé nefnt. Fyrirsjáanleg losun í laxeldinu
er losun úrgangsefna frá fiskinu og fódurleifar. Gerð var nýleg rannsókn (Wang et.al.
2012) sem gerir grein fyrir losun úrgangsefna í laxeldi og eru þær niðurstöður notaðar
til grundvallar útreikningum á losun efnanna, notast var við fódurstuðull 1,2.
Hefðbundið laxafóður inniheldur 51% kolefni (C), 7% köfnunarefni (N) og 1,2 % fosfór
(P). Algengt er að um 70 % af kolefni sé losað út í umhverfið sem ólífrænn og lífrænn
úrgangur. Sem gerir að 400 tonna laxeldi losar rúm 171 tonn af kolefni. Um 48% er
losun vegna öndunnar, 19% af formi úrgangsefna og 30% nýtist í vöxt. Af því
köfnunarefni sem er í fóðrinu losnar um 62% út í umhverfið, 38% nýtist til vaxtar, 45%
losað út á uppleystu ólífrænu formi og 15% á föstu formi sem lífrænt köfnunarefni. Um
70% af fosfór í fóðrinu er losað út í umhverfið sem lífrænn 44% og ólífrænn úrgangur
18%. Heildarlosun lífrænna úrgangsefna á föstu formi við framleiðslu á 400 tonnum af
laxi yrði 46,5 % af kolefni, 5,04% af köfnunarefni og 1,03 tonn af fosfóri.
Ísland skilar losun á eftirfarandi eignum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er
falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun
gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft
sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra
losun er hér er talin upp má bæta við eignum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali.
Losunartölur vegna alþjóðasamninga

Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

Hver eru áhrif losunar á umhverfið.docx

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Sýnt hefur verið fram á að óétið fóður hefur mest áhrif á losun lífrænna efna út í umhverfið frá fiskeldi og er einnig
kostnaðarsamasti þátturinn í eldinu. Því verður stefnt á að lækka fódurstuðulinn úr 1,4 í 1,2 og auka eftirfylgni með fóðrun. Í
landeldi við Vogavík er notast við eldisvökva úr borholum eða um 972 l/sek, sjó og ferskvatn og vatnið er að hluta endurnýtt
í sumum húsum. Með því að endurnýta vatnið þá verður þynning á næringarefnunum áður en þau berast til sjávar. Við
ströndina er oft brimsamt og vatnsskipti eru hröð og er því hætt á uppsöfnun á lífrænum efna hverfandi. Einnig er mikið af
ferskvatni á svæðinu sem rennur undan hrauninu í Vogavík sem eykur líkurnar á að uppsöfnun á lífrænum eignum sé
hverfandi. Beitt verður bestu fáanlegri tækni til að fyrirbyggja mengun út í umhverfið og í þessu tilviki telur rekstraraðili að
góð fódurvöktun sé lykilli að góðri tækni. Reglulega eru teknar sýnatökur frá frárennsli til að fylgjast með mengun frá eldinu
sem tengist fóðrun.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið?

Vöktunaráætlun .docx

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Stofnfiskur er með ISO 9001:2015 vottað gæðastjórnunarkerfi og hluti af því er innra eftirlit með starfsemi stöðvanna.
Gæðastjórnunarkerfið heldur utan um alla þætti í framleiðslunni. Til er gæðahandbók sem er með verklagslýsingar um alla
vinnuferla í stöðinni allt frá hreinlæti starfsmanna, þrif og sótthreinsun, meðhöndlun fisks (flokkanir, bólusetningar, flutning
á seiðum, hvernig á að taka meðalþyngd), sóttvarnir, viðbragðsáætlun vegna sjúkdóma, slyasleppingar, rekstrarstöðvun svo
að nokkur dæmi séu tekin. Samkvæmt gæðastjórnunarkerfinu þá eru tekin vatnssýni til að fylgjast með mengun í frárennsli
(COD, Svifagnir, heildarmagn fosfórs, heildarmagn köfnunarefnis) og haldið er utan um skráningar t.d. fósun

(CO2, svifagísl, heilbrigðis og loftslagsáhrif, heilbrigðis og loftslagsáhrif), og haldio til umhverfisráðgjafar, t.d. loftslags, súrefnismælingar, efnanotkun svo eitthvað sé nefnt. Innan gæðastjórnunarkerfis StofnFisks er einnig virkt umhverfisstjórnkerfi þar sem meðal annars eru haldnar skráningar með tilliti til mengunar t.d. eldsneytis notkun, úrgangur sem fellur til á stöðvunum (til landfyllingar, plast, málma, timbur, almennt heimilissorp, lífrænn úrgangur, spilliefni) auk þess sem fylgst er með rafmagnsnotkun og vatnsnotkun á stöðvunum auk afleiddrar mengunar vegna vinnutengdra ferðalaga starfsfólks (flug, lestarferðir, skip, leigubílar, strætisvagnar). Umbúðum af spilliefnum er komið í förgun í spilliefnamóttöku ef birgjar taka ekki við tómunum umbúðum. Stofnfiskur er með sóttvarnaráætlun og er með vottuð smitvarnarhólf sem hafa það hlutverk að lágmarka áhættu þess að smitsjúkdómar berist í stöðvar StofnFisks og hindra útbreiðslu sjúkdóma ef þeir skyldu koma upp. Sóttvarnaráætlunin byggir á áhættumati sem er endurskoðað árlega með tilliti til heilbrigðisáðstæðna og annarra þátta sem áhrif geta haft á bestun sóttvarnaráætlunar á hverjum tíma.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Sýnt hefur verið fram á að ótíð fóður hefur mest áhrif á losun lífræna efna og er kostnaðarsamasti þátturinn í eldinu og því verður allt gert til að lágmarka soun á fóðri. Mikil eftirfylgni verður með fóðrun og er hún öll skráð niður.

Lýsið tegund og magn úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Úrgangur frá Vogavík úr áframeldinu og hrognahúsinu hefur verið um 70 tonn af fiski og hrognum. Skinnfiskur tekur við úrgangi sem er sjálfdaudur fiskur og dauð hrogn og nýtir í loðdýrafóður. Fiskurinn og hrognin eru sett á ís og er kárið fjarlæggt einu sinni í viku. Dauð seiði í Kollafirði eru fryst og send í urðun í Álfsnesi. Það er skilagjald á ýmsum sápubrúsum frá Mjöll Frigg og er þeim skilað aftur eftir notkun. Ef það þarf að farga efnum, þá er þeim skilað þangað sem þau voru keypt, einnig lyf og lyfjaumbúðir. Sorp á staðnum er tvískipt í tvö gáma, litla gáminn sem tekur efna umbúðir, umbúðir, vinnuföt, blöð og almennt heimilissorp, fóður og stóra gáminn sem allt iðnaðarsorp svo sem timbur, plast, pokar undan fóðri, áhöld og tæki, rör, járn og gler fara í, sem fer með það í brennslu í Sorpu. Tómar formalín tunnur fara sem spilliefni í efnamóttöku þar sem þær voru keyptar. Allt rusl sem fellur til við byggingu á seiðastöð verður farið með í förgun.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar. Þær aðferðir sem valdar voru til að draga úr mengun er betri fóðurnýting og minni soun á fóðri, því telur rekstraraðili ekki líkur á því að það valdi mengun annarsstaðar.

Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?

Stofnfiskur er eina fiskeldis fyrirtækið sem er með fráveitu út í Vogavík og þrátt fyrir stækkun á starfsemi þá telur rekstraraðili ekki líkur á sammögnunaráhrifum vegna starfseminnar. Mikil ferskvatnsáhrif er að gæta í fjörunni við Vogavík og mikil þynning á næringarefnum frá eldinu vegna vatnsnotkunar og vegna mikils vatns sem rennur undan hrauninu út í Vogavík. Veðurfar hjálpar til við að koma í veg fyrir uppsöfnun á næringarefnum þar sem það er oft vindasamt á svæðinu og miklar öldur og straumar sem auka vatnsskipta hraðann.

Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar

Sýniseintak:

<http://mast.is/library/Upplýsingar/vidbragdsaaetunbradamengun.pdf>

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar

Sýniseintak:

http://mast.is/library/Upplýsingar/http___eur-lex.europa.pdf

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Áhættumat vegna hafs og stranda er neðst á bls.3 og einnig á bls. 4 í EY-A29. Í LB-A15 um áhættumat kemur fram að ekki þurfi að gera viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda ef áhætta er metin viðunnandi (grænt). Rekstraraðili vísaði í LB-A15 í síðustu úttekt UST og fengum ekki frávik varðandi það að það vantaði viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda.

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar

VR-A34_Rekstrarstöðvun 01.pdf VR-A34_Rekstrarstöðvun 01.pdf

Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar
VR-A34_Rekstrarstöðvun
01.pdf VR-A34_Rekstrarstöðvun 01.pdf

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálgæðar hennar við sjó og talin er upp á a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um

Stofnsmiðni og/eða náðgögn heimil við sjó og land er upp í a-10 í viðauka 1 í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004

Stofnfiskur ábyrgðartrygging vegna mengunar hafs og stranda staðfesting.pdf

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda

EY-A29_RA Product and Animal welfare 06.pdf

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn

Viðbótargögn

LB-A15_RA Bráðamengun hafs og stranda 02.pdf